

**Ed.**

**171. Frumvarp**

til laga um breytingu á lögum nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl.

Flutningsmaður: Guðjón Guðlaugsson.

Aftan við 4. gr. laga nr. 30, 20. okt. 1905, bætist svo hljóðandi málsgrein: Sama gildir og þegar jörð eða jarðargögn, sem selja á, eru í sjálfsábúð.

**Greinargerð.**

Í lögnum um forkaupsrjett leiguliða frá 20. okt. 1905 vantar alveg ákvæði um forkaupsrjett hreppsfjelaga á jörðum eða jarðanytjum, þegar svo stendur á, að jörðin eða jarðarnytjarnar eru í sjálfsábúð, þegar salan fer fram. Þetta virðist helst vera fyrir vangá löggjafans, en að meiningin hafi þó verið, að í öllum þeim tilfellum, sem ábúandi hefir ekki forgangsrjett að kaupunum, þá hafi hreppsfjlagið hann, enda hafa lögin verið skilin svo af sumum, og vist má telja, að öll hreppsfjelög óska þess, að svo sje, og úr því má bæta með þessari litlu viðbót, sem hjer er farið fram á.